

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 324

Dagsetning: 16. júní 2026

Fundartími: 08:15 – 09:05

Fundarstaður: Orkugarður - Fundarsalur 2. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Heimir Örn Árnason

Fjarverandi

Starfsfólk

Eyþór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri

Gestir

Dagskrá fundar

- Fallorka, framtíðarskipulag
- Styrkjamál – Bakhjarla- og stjórnarstyrkir (fyrrí yfirferð ársins)
- Starfsáætlun vegna breyttra samþykka Norðurorku hf.
- Athugasemdir frá fyrirtækjaskrá

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Fallorka, framtíðarskipulag

Í framhaldi af umræðum á síðasta stjórnarfundum þar sem forstjóra var falið að vinna málið áfram, leggur forstjóri fram tillögu að stjórn Fallorku. Núverandi framkvæmdastjóri Fallorku er reiðubúinn til að vera stjórnarformaður og um leið eini stjórnarmaður félagsins. Lagt er til að varamaður hans verði Helgi Jóhannesson. Stefnt er að því að hlutverk framkvæmdastjóra og daglegur rekstur verði í höndum sviðsstjóra veitu- og tæknisviðs Norðurorku. Ekki verði um fast starfshlutfall framkvæmdastjóra að ræða heldur gerðir reikningar fyrir unnin verk.

Forstjóra falið að ljúka málinu í samræmi við ofangreint.

2. Styrkjámál – Bakhjarla- og stjórnarstyrkir (fyrri yfirferð ársins)

Bakhjarla- og stjórnarstyrkir Norðurorku eru veittir til verkefna sem styðja við jákvæða þróun samfélags innan veitusvæðis.

Farið yfir umsóknir sem borist hafa frá síðustu yfirferð stjórnar, þ.e. ein umsókn um bakhjarlastyrk og tvær umsóknir um stjórnarstyrk.

Öllum umsóknunum hafnað.

3. Starfsáætlun vegna breyttra samþykktu Norðurorku hf.

Farið yfir fyrstu drög að starfsáætlun vegna breyttra samþykktu Norðurorku hf.

Þær breytingar sem gerðar voru á samþykktum félagsins á aðalfundi í apríl gera kröfu um stefnumótun og reglusetningu á mörgum sviðum. Fyrir liggja fyrstu drög að starfsáætlun til að innleiða þær breytingar sem samþykktir félagsins krefjast.

Til upplýsingar.

4. Athugasemdir frá fyrirtækjaskrá

Fyrirtækjaskrá gerði athugasemdir við skráningu í kjölfar aðalfundar 2026. Þar sem breytingar á samþykktum voru samþykktar áður en stjórnarkjör fór fram lítur fyrirtækjaskrá svo á að kjósa hefði átt í stjórn skv. nýrri útgáfu samþykktanna. Athugasemdin lítur að því að kjörnir voru fimm varamenn en skv. samþykktum ættu þeir að vera þrír.

Stjórn samþykkir að fækka varamönnum um tvo og að haldinn verði auka aðalfundur þar sem stjórn verður kjörin í samræmi við athugasemdir fyrirtækjaskrár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:05